22051029, 22051099, 22059029, 22082029, 2304–2308, 23099002–23099004, 23099006–23099090, 24021011–24022019, 24022099–24029099, 24039101–24039109, 2504, 25120001, 25174100, 2523–2528, 34023109, 34023909, 35030011, 35030021, 3603–3606, 37079091–37079099, 39012001–39019009, 3902–3916, 3922, 39231002–39232104, 39232109–39235090, 39239009, 3924, 39252011–39259009, 39261001–39269021, 39269023–39269090, 4001–4010, 40115000, 40129000, 40169400–40169929, 4017, 44181101–44183000, 44189101–44189909, 4419–4421, 4501–4504, 4601–4602, 4701, 48053000–48059300, 4806–4813, 4816–4817, 48183000–48189090, 48203000–48209000, 4821–4822, 48232000–48237009, 4905–4906, 4909–4910, 49119101–49119900, 52079000, 6111, 6214–6216, 62179000, 6301–6305, 63061201–63061909, 63064000–63069090, 6307–6310, 6401–6406, 6501–6507, 66011000, 66019900, 6602–6603, 6701–6704, 6805–6807, 6814–6815, 69073000–69074000, 6909–6914, 7002, 7006–7007, 7009–7019, 70200009, 73181100–73181600, 73182100–73182900, 7319–7320, 73211200–73218200, 73219000, 7322–7324, 73259900, 73261900, 7406, 7415, 7418, 7504, 7603, 76041001, 7607, 7610, 7612, 76151010–76151090, 76161000, 79039000, 79070002, 79070009, 8101–8102, 81032000–81033000, 8104, 81083000–81089000, 8109–8113, 8201–8207, 82071900, 82073000–82079000, 8208–8215, 83022000–83026000, 8303–8311, 84129000, 8413–8424, 84311000–84313900, 84329000, 84339000, 84349000, 84359000, 84369100–84369900, 84379000, 84389000, 84399100–84399900, 84409000, 8441–8454, 84551000, 84553000–84559000, 8456–8457, 84581100, 8459–8462, 84659501–84659909, 8466–8473, 8476, 84779000, 84789000, 84798100–84798300, 84798901–84799000, 8481–8484, 8486–8487, 8501, 85021100–85022000, 85024001–85024009, 8503–8506, 85075010–85079009, 8508,–8519, 8524–8548, 87081000–87083009, 87088000–87089900, 8709, 87131000, 8714–8715, 90012000, 90022000–90029000, 9003–9013, 90142000–90149000, 9015–9016, 90171000–90172000, 90178000, 9018–9020, 90211000–90212100, 9022–9023, 90241000, 90249000, 90259000, 9026–9033, 9101–9114, 9209, 9304, 93051000, 93059100, 93062100–93062900, 93063009, 9401–9403, 94041000–94042900, 9405, 95030011–95030050, 95030079–95030080, 95043000–95049009, 9505, 95061200–95061900, 95063200, 95064000–95069990, 9507, 9601–9602, 96031000, 96033000–96039000, 9604–9605, 9607–9608, 96091000–96092000, 9610, 96122000, 9613–9616, 9618, 96190012–96190019, 96190099, 9620.

Liklegustu söluumbúðir eru plast: 0201–0210, 03011100, 03011900, 0302, 0303, 03043100–03047101, 03047219, 03047229–03047231, 03047319, 03047329–03047500, 03047920–03047930, 03047950–03047990, 03048120–03048201, 03048290, 03048312, 03048314, 03048316, 03048319, 03048322, 03048324, 03048326, 03048329–03048610, 03048630–03048810, 03048822, 03048825–03048826, 03048917, 03048919, 03048924, 03048926, 03048928, 03048937, 03048939, 03048944, 03048946, 03048948–03049999, 0305, 03061110–03061990, 03063200–03069110, 03069390, 03069511–03069990, 03071100–03072100, 03073100–03076090, 03077200–03077990, 03078200–03078890, 03079201–03079990, 03081200–03081990, 03082120–03083010, 03089091–03089099, 0309, 04012008–04015009, 0405, 0406, 0407, 0408, 0409, 05061000, 05111000–05119113, 05119901–05119909, 0601, 06021000, 06023010–06029030, 06029049–06029099, 0603, 0604, 0703–0708, 07093000, 07096010–07099200, 07099309–07099909, 07101000–07102900, 07108001–07109000, 0711, 0712–0714, 08012100–08013200, 0802, 0803, 08045000, 08051000–08055009, 0813, 0814, 09012101–09012209, 1501–1508, 15092009, 15094009, 1517, 1520–1522, 1601, 16023109–16029029, 1603, 17049001–17049009, 1803, 1805, 18061001–18061009, 18062031–18062060, 18069012, 18069024, 19019021–19019099, 1902, 19030009, 19041001, 19043001–19049009, 19059060, 20041001–20049006, 20051000, 20060011, 20091110–20091210, 20091229–20091910, 20091990–20092110, 20093190–20093910, 20093929–20094110, 20094190–20094910, 20094929–20096110, 20096190–20096910, 20096929–20097110, 20098910,

20098990–20099010, 20099029–20099090, 2101, 2102, 21031000–21032000, 21039030, 2105, 21061000–21069022, 21069027–21069039, 21069048–21069063, 21069065–21069068, 21069072, 2203–23023, 23091000, 23099005, 24039911–24039999, 26140000, 27129000, 2826–2843, 28441000–28443000, 2905–2942, 3001–3005, 30061000–30064009, 30066000–30069300, 3101–3105, 3201–3215, 3401, 34023101, 34023901, 34024101–34029000, 3403, 34042000–34049001, 34052001, 34053000–34059009, 3406–3407, 3501–3502, 35030019, 35030029, 3504–3507, 3601–3602, 37071000–37079035, 3801–3823, 38241000–38248300, 38249100–38249911, 3917–3921, 4014–4015, 40161001–40169300, 4301–4304, 44013200–44014900, 4402, 4803, 4814, 48181000–48182000, 4819, 48201001–48202000, 48239001–48239009, 4907–4908, 5001–5007, 5101–5102, 51031000, 5104, 51051000, 51052901–51054000, 5106–5113, 52051100–52053300, 52053500–52054800, 5206, 52071000, 5208–5212, 5301–5311, 5401–5408, 5501–5516, 5604–5607, 56081101, 56090003–56090009, 5701–5705, 5801–5803, 58041009–58043000, 5805–5811, 5901–5911, 6001–6006, 6101–6110, 6112–6117, 6201–6210, 62111100–62113302, 62113309–62114990, 6212–6213, 6808–6813, 69059000, 7101, 71021000–71022100, 71023100–71023900, 71031000, 71039900, 71042100, 71042900–71049900, 7105–7117, 71189000, 7205, 73102100–73102900, 8522–8523, 90013000–90019000, 90021100–90021909, 90141000, 90173000, 90179000, 90212900–90219000, 90251900–90258000, 94044010–94049000, 96032100–96032909, 9606, 9611, 96121000, 9617, 96190011, 96190091–96190092.

Líklegustu söluumbúðir eru viður: 03077110–03077120, 03078100, 03079110–03079190, 03081100, 03082110, 6901–6904, 69051000, 6906, 69072100–69072300, 73211100, 73218900.

Líklegustu söluumbúðir eru stál: 04021010–04022900, 15092001, 15093001–15094001, 15099001–15099009, 1510–1516, 1518, 16023101–16023102, 16041101–16041109, 16041212–16041216, 16051001–16056990, 19030001, 2002, 20054000–20057000, 20059100–20059909, 20060021–20060030, 20081109–20089909, 21033009, 21041003–21041029, 21069064, 22030011, 22030091, 24031101–24031909, 33053000–33059000, 33071000–33074900, 34049009, 34052009.

Líklegustu söluumbúðir eru ál: 16021011–16022029, 16041219–16041229, 16041301–16043209, 3701, 37021000–37025200, 37025400–37029800, 3703–3706.

Líklegustu söluumbúðir eru gler: 0904–0910, 16041211, 16041217, 16041231–16041239, 19011000, 2001, 2003, 20052002, 20052004–20052009, 20079100–20079900, 20081101, 21033001, 21039010–21039020, 21039040–21039099, 22021049, 22021099, 22029119, 22029909, 22029919, 22029929, 22029939, 22029949, 22029999, 22030013–22030014, 22030019, 22030093–22030094, 22030099, 22041019, 22041029, 22041039, 22042219, 22042239, 22042249, 22042259, 22042269, 22042299, 22042919, 22042929, 22042939, 22042949, 22042959, 22042969, 22042999, 22043019, 22043029, 22059019, 22059099, 22083019, 22084019, 22085039, 22085049, 22087029, 22087089, 22089029, 22089039, 22089079, 22089089, 22089099, 2209, 3303, 33043010, 34051000.

13. gr.

Lög þessi taka gildi 1. september 2024.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu í samvinnu við Úrvinnslusjóð og Skattinn. Með því eru lagðar til breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, sem leiða af gildistöku laga nr. 103/2021, laga nr. 127/2022 og laga nr. 129/2022. Við meðferð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 127/2022 á Alþingi lagði meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar fram breytingatillögu þess efnis að gildistöku breytinga á viðauka XVIII, um álagningarstofn úrvinnslugjalds, skv. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. a laga um úrvinnslugjald, yrði frestað um tvo mánuði til að tryggja hugbúnaðarhúsum og Skattinum svigrúm til nauðsynlegra aðlagana á tölvukerfum og prófana þar sem vandkvæði væru bundin við innleiðingu ákvæðisins í tölvukerfi innflytjenda. Samhliða þeirri breytingu var lögð til breyting á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023, sem varð að lögum nr. 129/2022, þannig að gildistöku a-liðar 28. gr., þar sem kveðið er á um gjaldskyldu vegna gler-, málm- og viðarumbúða, yrði frestað til 1. mars 2023. Frá 1. mars 2023 hefur álagning úrvinnslugjalds á umbúðir því tekið mið af reiknireglum í viðauka XVIII við löginn í þeim tilfellum þegar gjaldskyldir aðilar kjósa að nýta sér heimild 4. mgr. 7. gr. a laganna.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með lögum nr. 103/2021, sem tóku að fullu gildi 1. janúar 2023 og innleiddu m.a. tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850, (ESB) 2018/851, (ESB) 2018/852 og (ESB) 2019/904, voru fleiri tegundir umbúða felldar undir framlengda framleiðendaábyrgð og látnar sæta úrvinnslugjaldi. Samkvæmt lögum um úrvinnslugjald skulu framleiðendur og innflytjendur gefa upp þyngd og tegund umbúða utan um vörur en í þeim tilvikum þegar staðfestar upplýsingar um umbúðir fást ekki er þeim heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur sem koma fram í viðauka XVIII við löginn. Með lögum nr. 128/2004, sem breyttu lögum um úrvinnslugjald, var úrvinnslugjald fyrst lagt á umbúðir úr pappa, pappír og plasti og síðan þá hefur álagning úrvinnslugjalds á umbúðir grundvallast á þeirri meginreglu að framleiðendur og innflytjendur gefi upp þyngd umbúða við tollafgreiðslu. Með lögum nr. 114/2005 kom í fyrsta sinn heimild í löginn fyrir gjaldskylda aðila að styðjast við reiknireglur í þeim tilvikum þegar staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða voru fást ekki og samhliða var settur sérstakur viðauki við löginn með reiknireglum. Breytingarnar sem urðu með lögum nr. 103/2021 leiddu af sér nauðsynlega uppfærslu viðauka XVIII við löginn og var með það gert með lögum nr. 127/2022. Fljótlega í kjölfar gildistöku viðauka XVIII komu í ljós vandkvæði í þeim tilvikum þegar innflytjendur og tollmiðlarar hafa ekki upplýsingar um megin-söluumbúðir, líkt og reiknireglur viðauka XVIII gera ráð fyrir, með tilheyrandi vandræðum við ákvörðun álagningar, kostnaði og töfum. Til að mæta þeim vanda er með frumvarpi þessu lagt til að sett verði inn tímabundin heimild til að ákvarða úrvinnslugjald miðað við líklegustu tegund söluumbúða þegar innflytjandi getur hvorki gefið upp þyngd og tegund umbúða né megin-söluumbúðir. Reynslan af framkvæmd viðauka XVIII síðastliðið ár hefur einnig dregið fram þörf á að uppfæra hann, annars vegar með því að bæta inn fleiri möguleikum fyrir megin-söluumbúðir tiltekinna tollskrárnúmera og hins vegar með því að gera viðeigandi lagfæringar á hlutfallstölum fyrir önnur tollskrárnúmer. Allar upplýsingar sem uppfærslan byggist á og liggja til grundvallar ákvæðum um líklegustu tegund söluumbúða eru fengnar frá Úrvinnslusjóði.

Með lögum nr. 103/2021 voru einnig gerðar grundvallarbreytingar á ákvæðum um úrvinnslugjald á ökutæki þannig að nú er gerður greinarmunur á annars vegar úrvinnslugjaldi

sem innheimt skal við nýskráningu ökutækja, sem nær þá til ábyrgðar framleiðenda og innflytjenda á úrvinnslu ökutækis, og hins vegar á skilagjaldi á skráningarskyld ökutæki sem innheimt er reglulega af skráðum eiganda ökutækis, sem á móti á rétt á að fá endurgreitt skilagjald fyrir ökutæki þegar því er skilað á móttökustöð til endurnýtingar og förgunar. Við undirbúning gildistöku þeirra laga var ákveðið að fenginni ábendingu Skattsins að álagning úrvinnslugjalds á ökutæki færi fram við nýskráningu ökutækis en ekki við tollafgreiðslu, eins og venja er við álagningu úrvinnslugjalds. Með 37. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023, nr. 129/2022, var því gerð sú breyting að í stað orðsins innflutningur í 2. málsl. 33. gr. laga nr. 103/2021 kom nýskráning. Til að tryggja að álagning úrvinnslugjalds leggist í öllum tilvikum á framleiðendur og innflytjendur í samræmi við hugmyndafræði framlengdrar framleiðendaábyrgðar, en ekki á eiganda, er nauðsynlegt að skerpa á ákvæðum laganna hvað þetta varðar. Unnið hefur verið að tæknilegri lausn með Skattinum til að álagningin nái því markmiði sem að var stefnt en einnig er nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum, m.a. að kveða skýrar á um gjalddaga og innheimtu gjaldsins og samræma ákvæði laga nr. 162/2002 breyttri álagningu á ökutæki. Aðrar breytingar eru lagfæringar vegna ábendinga Úrvinnslusjóðs eða sem leiða af gildistöku laga nr. 103/2021.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Nánar tiltekið felur frumvarpið í sér eftirtaldar breytingar á lögunum.

1. Lögð er til breyting á skilgreiningu rafhlaða og rafgeyma í lögunum, til samræmis við skilgreiningu í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, eins og henni var breytt með lögum nr. 103/2021.
2. Í stað orðsins úrvinnslugjald í 1. mgr. 5. gr. laganna komi skilagjald, í samræmi við aðrar breytingar sem urðu á ákvæðinu við gildistöku laga nr. 103/2021, og jafnframt verði gerð orðalagsbreyting í 4. mgr. til samræmis við markmið laganna.
3. Lagt er til að fyrirkomulag álagningar úrvinnslugjalds á ökutæki verði gert skýrara í ljósi þess að álagningin á sér stað við nýskráningu í stað tollafgreiðslu. Kveðið verði með skýrari hætti á um greiðanda gjaldsins, grundvöll þess og gjalddaga og greinarmunur gerður á þeirri tilhögun og venjubundinni tilhögun álagningar við tollafgreiðslu.
4. Skerpt verði á skyldu gjaldskyldra aðila til að gefa upp þyngd og tegund umbúða við tollafgreiðslu og að það skuli gert á formi sem Skatturinn ákveður.
5. Lagðar eru til lagfæringar á fjórum tollskrárnúmerum í 6. mgr. 7. gr. a, í samræmi við ábendingar Úrvinnslusjóðs.
6. Felld verði brott tilvísun til 5. gr. laganna í 9. gr. þar sem hún á ekki lengur við.
7. Skýrt verði í 10. gr. laganna að Skatturinn annist, auk álagningar skilagjalds, álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki.
8. Lögð til breyting á almennri kæruehimild laganna í 13. gr. þess efnis að skýrt sé að heimilt sé að kæra álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki skv. 6. gr. eins og gildir um innlenda framleiðslu og álagningu við tollafgreiðslu.
9. Lagt er til að tillögu Úrvinnslusjóðs að tvö tollskrárnúmer færist úr viðauka XI yfir í viðauka XI A.
10. Gerðar verði breytingar á viðauka XVIII við lögin þannig að við hann bætist inngangur sem skýrir virkni reiknireglna sem mælt er fyrir um í viðaukanum. Þá er lögð til uppfærsla á viðaukanum sem felst annars vegar í að bætt er við valmöguleikum um meginsölu-umbúðir fyrir tiltekin tollskrárnúmer, sem þegar er getið í viðaukanum, og hins vegar

uppfærslu hlutfallstalna tegunda sölu- og flutningsumbúða fyrir tilgreind tollskrárnúmer og meginsöluumbúðir.

11. Gerð er tillaga um lögfestingu bráðabirgðaákvæðis sem felur í sér heimild til að ákvarða úrvinnslugjald miðað við líklegustu tegund umbúða í viðkomandi tollskrárnúmerum í þeim tilvikum þegar innflytjandi hefur ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið gefur ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frumvarpið felur ekki í sér innleiðingu en efni þess er að hluta ætlað að stuðla að því að framkvæmd framlengdrar framleiðendaábyrgðar sé í samræmi við skuldbindingar Íslands á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

5. Samráð.

Frumvarpið hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið eða frá gildistöku laga um úrvinnslugjald, nr. 127/2022, 1. janúar og 1. mars 2023, þegar nýr viðauki XVIII við lög um úrvinnslugjald tók gildi og samhliða því álagning úrvinnslugjalds á gler-, málm- og viðarumbúðir samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 103/2021. Fljótlega eftir gildistöku fót að bera á vandkvæðum í þeim tilvikum þegar innflytjendur og tollmiðlarar hafa ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir eins og reiknireglur í viðauka XVIII gera ráð fyrir. Síðan þá hefur ráðuneytið m.a. haft samráð við Úrvinnslusjóð, Skattinn, SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu, Samgöngustofu og fjármála- og efnahagsráðuneytið um efni frumvarpsins.

Áform um lagasetningu voru birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins 4. september 2023, með umsagnarfresti til 18. september 2023, mál nr. S-163/2023. Tvær umsagnir bárust, þ.e. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í umsögn sinni gerir Samband íslenskra sveitarfélaga athugasemdir við áformin en vekur einnig athygli á nauðsynlegum breytingum sem gera þurfi á lögum um úrvinnslugjald að þess mati. Helstu athugasemdir við áformin lúta að því að veittar séu tilslakanir til handa framleiðendum og innflytjendum vara til að greiða ekki úrvinnslugjald í samræmi við raunverulegt magn umbúða og sambandið leggist alfarið gegn því. Jafnframt að réttara sé að herða tókin varðandi álagningu úrvinnslugjalda og koma á þrepaskiptum gjöldum framleiðenda og innflytjenda. Í umsögn SSH er vísað til áskorunar sem samtökin sendu ráðherra 11. júlí 2023 sem varðaði aukna kostnaðarhlutdeild Úrvinnslusjóðs vegna söfnunar og annarrar meðhöndlunar á vörum og umbúðum sem falla undir framlengda framleiðendaábyrgð. Samtökin fagna því jafnframt að breytingar á lögum um úrvinnslugjald séu fyrirhugaðar og fara fram á að sjónarmið sem koma fram í áskoruninni verði höfð í huga við áformaðar lagabreytingar. Ráðuneytið tók mið af þessum umsögnum við gerð frumvarpsins en ljóst er að frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að skýra og laga og uppfæra tiltekin atriði í lögunum vegna breytinga sem hafa átt sér stað á seinustu árum með lögum nr. 103/2021, lögum nr. 127/2022 og lögum nr. 129/2022, og auk þess er lögð til nauðsynleg uppfærsla á viðauka XVIII við lögin. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að mæta afmörkuðu, tæknilegu vandamáli sem leiðir af gildistöku nýrra reiknireglna 1. mars 2023 samhliða því að álagning úrvinnslugjalds fer fram við tollafgreiðslu en þeirri lausn er einungis ætlað að vera tímabundið úrræði til að veita innflytjendum svigrúm til að uppfæra kerfi sín. Mikilvægt er að hafa það skýrt að ekki er ætlunin að hrófla við þeirri meginreglu laga um úrvinnslugjald að innflytjandi gefi upp þyngd, tegund og samsetningu umbúða við innflutning. Þau atriði í umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga

á höfuðborgarsvæðinu er varða annað en efni frumvarpsins beint verða tekin til skoðunar í ráðuneytinu.

Drög að frumvarpi voru birt í samráðsgátt 5. febrúar 2024, mál nr. S-28/2024, og athygli hagsmunaaðila vakin á málinu. Umsagnarfrestur var til 19. febrúar. Fjórar umsagnir bárust, þ.e. frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun og sameiginleg umsögn BÍlgreinasambandsins, Félags atvinnurekenda og Samtaka verslunar og þjónustu.

Hluti umsagna sem bárust snýr að öllu eða miklu leyti um þörf á heildarendurskoðun á fyrirkomulagi framlengdrar framleiðendaábyrgðar hér á landi eða dregur fram þær áskoranir sem leiða af nýlegum breytingum á kerfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar vegna þess hvernig framlengd framleiðendaábyrgð er útfærð hér á landi. Á það einkum við um umsagnir Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og að hluta sameiginlega umsögn BÍlgreinasambandsins, Félags atvinnurekenda og Samtaka verslunar og þjónustu. Þessu frumvarpi er fyrst og fremst ætlað að skýra og laga eða uppfæra tiltekin atriði í lögum vegna breytinga sem hafa átt sér stað á seinustu árum með lögum nr. 103/2021, lögum nr. 127/2022 og lögum nr. 129/2022, sem öll breyttu lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, auk nauðsynlegrar uppfærslu á viðauka XVIII við lögin. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að mæta afmörkuðu, tæknilegu vandamáli sem leiðir af gildistöku nýrra reiknireglna þann 1. mars 2023 samhliða því að álagning úrvinnslugjalds fer fram við tollafgreiðslu. Frumvarpinu er þannig ekki ætlað að breyta fyrirkomulagi framlengdrar framleiðendaábyrgðar í grundvallaratriðum eða vera liður í endurskoðun þess. Efni umsagna er lýtur að nauðsyn endurskoðunar á fyrirkomulaginu og dregur fram áskoranir í kerfinu eru mikilvæg gögn sem ráðuneytið tekur til skoðunar þótt ábendingarnar hafi ekki leitt til breytinga á þessu frumvarpi. Þá er áréttað að markmiðið með frumvarpinu er ekki að hrófla við þeirri meginreglu sem birtist í 7. gr. a laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, að innflytjandi gefi upp þyngd og tegund umbúða við innflutning. Allt frá árinu 2006 hafa innflytjendur og framleiðendur getað stuðst við reiknireglur til ákvörðunar úrvinnslugjalds samkvæmt viðauka XVIII við lögin, geti þeir ekki gefið upp þyngd umbúða við tollafgreiðslu. Umsögn Umhverfisstofnunar varðar efni frumvarpsins ekki beint en felur í sér gagnlegar ábendingar sem verða teknar til skoðunar í ráðuneytinu.

Í sameiginlegri umsögn BÍlgreinasambandsins, Félags atvinnurekenda og Samtaka verslunar og þjónustu er bent á nauðsyn þess að innflytjendur fái tíma til aðlögunar, eins og frumvarpinu er ætlað að veita, vegna mikils vanda þeirra við tilgreiningu meginsöluumbúða þar sem slíkar upplýsingar liggja ekki í öllum tilvikum fyrir við innflutning vara. Með hliðsjón af umsögninni var aukið við umfjöllun í greinargerð um 2. og 12. gr. frumvarpsins til frekari skýringar á 2. gr. auk þess að bæta við dæmum í umfjöllun um 12. gr. Aðrar ábendingar voru teknar til athugunar en leiddu ekki til breytinga á frumvarpinu.

Til viðbótar við framangreindar umsagnir bárust ábendingar frá Úrvinnslusjóði sem leiddu til lítils háttar breytinga á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins og orðalagi í inngangsorðum viðauka XVIII þar sem nú er vísað til innflytjenda vara í gjaldskyldum umbúðum í stað innflytjenda gjaldskyldra vara, enda um nákvæmari lýsingu að ræða, auk þess sem texta var bætt við ákvæði 13. gr. til skýringar fyrir innflytjendur um að sé tollskrárnúmer ekki að finna í bráðabirgðaákvæðinu sé líklegast að meginsöluumbúðirnar séu engar.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarp þetta mun hafa áhrif á framleiðendur, innflytjendur, tilteknar stofnanir, almenn- ing og sveitarfélög. Markmið með frumvarpinu er að tryggja skilvirkni álagningar úrvinnslu- gjalds með uppfærslu á viðauka XVIII, um álagningarstofn úrvinnslugjalds skv. 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. a vegna umbúða, skýrari reglum um álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki og með lögfestingu tímabundins bráðabirgðaákvæðis vegna þeirra tilvika er framleiðendur og inn- flytjendur geta ekki tilgreint meginsöluumbúðir vara eins og reiknireglur laganna gera ráð fyrir.

Frumvarpið mun hafa áhrif á Úrvinnslusjóð þar sem því er ætlað að tryggja virkni álag- ningar úrvinnslugjalds á umbúðir með uppfærslu á viðauka XVIII og það eykur áreiðanleika álagningarinnar.

Frumvarpið mun hafa þau áhrif á atvinnulífið að gera álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir áreiðanlegri með fleiri valmöguleikum um meginsöluumbúðir og með endurskoðun hlutfalla tegunda sölu- og flutningsumbúða fyrir tilgreind tollskrárnúmer sem einnig gerir álagninguna áreiðanlegri. Jafnframt er með breytingunum tekið á vanda sem skapast við tollafgreiðslu þegar innflytjendur hafa ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir vöru.

Frumvarpið mun hafa áhrif á sveitarfélög, sbr. það sem segir hér að framan, þar sem frumvarpinu er ætlað að gera álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir áreiðanlegri.

Frumvarpið mun hafa áhrif á almenning þar sem samfélagslegur ávinningur er af því að tryggja virkni úrvinnslugjaldsins og þá um leið framlengdrar framleiðendaábyrgðar á þeim vöruflokkum sem mælt er fyrir um í lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Frumvarpinu er m.a. ætlað að tryggja að úrvinnslugjald leggist á allar tegundir umbúða, eins og stefnt var að með lögum nr. 103/2021, og tryggja að sannanlega sé greitt fyrir rétta tegund umbúða en um leið að bregðast við þeim tilvikum þegar framleiðendur og innflytjendur geta ekki tilgreint meginsöluumbúðir, með tímabundinni heimild til ákvörðunar úrvinnslugjalds út frá líklegustu tegund umbúða í viðkomandi tollskrárnúmeri. Jafnframt að kveða skýrar á um álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki þannig að tryggt sé að gjaldið leggist í öllum tilvikum á fram- leiðendur og innflytjendur í samræmi við hugmyndafræði framlengdrar framleiðenda- ábyrgðar.

Ekki eru taldar líkur á að lagasetningin hafi áhrif á stöðu eða jafnrétti kynjanna. Lagasetn- ingunni er ekki beint sérstaklega að einu kyni fremur en öðru og má ætla að þær breytingar sem lagasetningin hefur í för með sér beinist jafnt að öllum kynjum.

Áhrif lagasetningarinnar á stjórnsýslu ríkisins eru talin óveruleg en búast má við að breyt- ingarnar séu frekar til þess fallnar að auka skilvirkni. Lagasetningin er ekki talin hafa fjárhags- áhrif fyrir ríkissjóð.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar með það fyrir augum að samræma skilgreiningar í lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, og lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, eins og stóð til með lögum um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, nr. 103/2021. Með 29. gr. laga nr. 103/2021, sem tók gildi 1. janúar 2023, voru gerðar breytingar á skilgreiningum laga nr. 162/2002 til samræmis við skilgreiningar á sömu hugtökum í lögum nr. 55/2003. Með 6. gr. laga nr. 103/2021 var þremur liðum bætt við skilgreiningu á rafhlöðu eða rafgeymi í 3. gr. laga nr. 55/2003 en samsvarandi breytingar voru ekki gerðar á skilgreiningu rafhlöðu eða raf- geymis í lögum nr. 162/2002.

Um 2. gr.

Með 32. gr. laga nr. 103/2021, sem tók gildi 1. janúar 2023, voru gerðar breytingar á 5. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, þar sem í stað „úrvinnslugjalds“ í greininni kom „skilagjald“. Þessu var ætlað að endurspegla þann vilja að gera skýr skil á milli framlengdrar framleiðendaábyrgðar á úrvinnslu ökutækis annars vegar, í formi úrvinnslugjalds sem framleiðendur eða innflytjendur ökutækja greiða, og hins vegar gjalds sem innheimt er af skráðum eigendum ökutækja og er grundvöllur að skilagjaldi sem Úrvinnslusjóður greiðir út við skil á ökutæki til úrvinnslu að líftíma þess loknum. Við breytinguna láðist að breyta orðinu „úrvinnslugjald“ í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. í „skilagjald“ og er því lagt til í a-lið í þessari grein að það verði gert til að gæta samræmis og draga úr líkum á misskilningi en ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Í b-lið er lagt til að „endurnýtingar eða endanlegrar förgunar“ verði skipt út fyrir „endurnýtingar og endanlegrar förgunar“ þar sem það orðalag samræmist betur markmiðum laganna og hringrásarhagkerfi þar sem stuðla skal að endurnýtingu og draga úr förgun. Sett hafa verið töluleg markmið í málaflokknum sem kveða á um að endurnotkun og endurnýting allra úr sér genginna ökutækja skuli vera að lágmarki 95% og á sama tíma skuli endurnotkun og endurvinnsla vera að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis. Breytingunni á ákvæðinu er ætlað að endurspegla þessi sjónarmið þar sem ökutæki fara jafnan til endurnýtingar og sá hluti þeirra sem ekki er endurnýttur til förgunar en ekki annað hvort til endurnýtingar eða förgunar. Í tillögunni felst ekki efnisleg breyting frá núverandi fyrirkomulagi.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 6. gr. laganna til samræmis við breytingar sem leiddu af 37. gr. laga nr. 129/2022, sem breytti a-lið 33. gr. laga nr. 103/2021 og felur í sér úrvinnslugjald á ökutæki sem framleiðandi eða innflytjandi á að standa skil á og er lagt á við nýskráningu þeirra. Gerð er tillaga um breytingar sem miða að því að skýrt sé að úrvinnslugjald á ökutæki leggist í öllum tilvikum á innflytjanda ökutækisins, eða framleiðanda þess, en ekki á nýskráðan eiganda, ásamt því að kveða með skýrum hætti á um gjalddaga. Breytingarnar miða að því að ná því markmiði sem að var stefnt með lögum nr. 103/2021 um skýr skil á milli framleiðendaábyrgðar á úrvinnslu ökutækis annars vegar og skilagjalds hins vegar.

Í a-lið er lagt til að tekið verði fram í 6. gr. að úrvinnslugjald skuli lagt á gjaldskyldan aðila skv. 9. gr. laganna, þ.e. alla sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum um úrvinnslugjald til endursölu, alla sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur til eigin nota og alla sem framleiða gjaldskyldar vörur samkvæmt lögnum. Jafnframt er lagt til að álagning úrvinnslugjalds við nýskráningu ökutækja byggist á upplýsingum sem gefnar eru upp við forskráningu ökutækisins hjá Samgöngustofu. Þetta er til að skýra að álagning úrvinnslugjalds snúi að innlendum framleiðanda eða innflytjanda, sem jafnan er skráður við forskráningu en ekki við nýskráningu.

Í b-lið er lagt til að gjalddagi álagningar á nýskráð ökutæki sé sá dagur sem ökutækið er nýskráð og að um dráttarvexti fari með sama hætti og kveðið er á um í 3. mgr. 12. gr. þ.e. að sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skuli gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Talin er þörf á að kveða með skýrum hætti á um gjalddaga í ákvæðinu þar sem álagning samkvæmt lögum um úrvinnslugjald á sér almennt stað við tollafgreiðslu og kveðið er á um uppgjörstímabil, gjalddaga og greiðslufrest í 11. gr. laganna sem miðast við að úrvinnslugjald sé greitt við tollafgreiðslu.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 4. mgr. 7. gr. a. Lagt er til að gjaldskyldur aðili skuli við tollafgreiðslu auk þyngdar gefa upp tegund umbúða þar sem álagning úrvinnslugjalds skv. 1. mgr. 7. gr. a grundvallast jafnframt á þeim upplýsingum. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um heimild Skattsins til að ákveða á hvaða formi skuli skila þeim upplýsingum en skv. 10. gr. laganna annast Skatturinn álagningu úrvinnslugjalds á gjaldskyldar vörur í innflutningi og vegna innlendra gjaldskyldrar framleiðslu.

Þá eru lagðar til breytingar á tollskrárnúmerum í töflu 6. mgr. 7. gr. vegna ábendinga frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis og Úrvinnslusjóði þess efnis að gera þurfi lagfæringar á þessum tilteknu tollskrárnúmerum í kjölfar breytinga sem gerðar voru á töflunni með lögum nr. 127/2022. Í 1. og 2. tölul. eru lagðar til breytingar vegna misritana en í 3. og 4. tölul. er um að ræða tvítekingu tollskrárnúmers auk misritunar og eru lagðar til viðeigandi breytingar til að ráða bót á því.

Um 5. gr.

Í greininni er lögð til breyting til samræmis við þær breytingar sem leiðir af 32. gr. laga nr. 103/2021, sem tóku gildi 1. janúar 2023. Með þeim var m.a. breytt 5. gr. laga um úrvinnslugjald og ætlunin var að endurspegla vilja til að gera skýr skil á milli annars vegar framleiðendaábyrgðar á úrvinnslu ökutækis í formi úrvinnslugjalds á framleiðendur og innflytjendur ökutækja og hins vegar gjalds sem innheimt er af eigendum ökutækja, sem er grundvöllur að skilagjaldi á ökutæki. Lagt er til að tilvísun til 5. gr. í 1. mgr. 9. gr. falli brott þar sem greinarmunur sá sem gerður er á úrvinnslugjaldi í greininni á ekki lengur við í kjölfar framangreindra breytinga sem urðu með lögum nr. 103/2021.

Um 6. gr.

Í greininni er lögð til breyting til samræmis við breytingar sem leiðir af 37. gr. laga nr. 129/2022, sem breytti a-lið 33. gr. laga nr. 103/2021, og fela í sér að úrvinnslugjald á ökutæki er lagt á við nýskráningu þeirra. Lagt er til að kveðið verði á um að auk álagningar skilagjalds á ökutæki annist Skatturinn einnig álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki, til samræmis við 6. gr. laganna.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar sem leiðir af 3. gr. þessa frumvarps og þeim breytingum sem urðu með 37. gr. laga nr. 129/2022, sem breytti a-lið 33. gr. laga nr. 103/2021, þar sem úrvinnslugjald er nú lagt á við nýskráningu ökutækja. Sú álagning er frábrugðin venjubundnu fyrirkomulagi álagningar samkvæmt lögnum sem á sér jafnan stað við tollafgreiðslu vara í innflutningi.

Í 11. gr. laganna er kveðið á um uppgjörstímabil, gjalddaga og greiðslufresti vegna gjaldskyldra vara og talið er nauðsynlegt að gera breytingar á ákvæðinu sem taka mið af því að álagning úrvinnslugjalds á ökutæki á sér stað við nýskráningu en ekki við tollafgreiðslu við innflutning þeirra. Lagt er til að í 3. mgr. 11. gr. verði tiltekið að uppgjörstímabilið sem mælt er fyrir um nái ekki til úrvinnslugjalds sem lagt er á ökutæki, heldur fari um það skv. 6. gr. laganna. Í b-lið er lagt til að gjalddagar úrvinnslugjalds á ökutæki fari ekki skv. 4. mgr. 11. gr., heldur sérreglu 6. gr. Í c-lið er mælt fyrir um að ákvæði 5. mgr. 11. gr. sem kveður á um að innflytjendur gjaldskyldra vara til eigin nota skuli greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu nái ekki til ökutækja, heldur fari um það skv. 6. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í greininni er lögð til breyting á almenntri kærueimild laganna í 13. gr. Þess efnis að skýrt sé að heimilt sé að kæra álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki skv. 6. gr. líkt og gildir um innlenda framleiðslu og álagningu við tollafgreiðslu.

Um 9. og 10. gr.

Í greinunum er lagt til, að fenginni tillögu Úrvinnslusjóðs, að tvö tilgreind tollskrárnúmer í viðauka XI flytjist úr þeim viðauka yfir í viðauka XI A. Í 9. gr. er lagt til að númerin falli brott úr viðauka XI, Rafhlöður og rafgeymar fyrir vélknúin ökutæki, og í 10. gr. er lagt til að sömu tollskrárnúmer bætist við viðauka XI A, Iðnaðarraflöður og iðnaðarrafgeymar. Um er að ræða nauðsynlega tilfærslu þar sem viðkomandi vöruflokkar eiga frekar að teljast til iðnaðarrafhlaðna og iðnaðarrafgeyma en ekki er um efnislega breytingu að ræða og hún hefur ekki áhrif á álagningu úrvinnslugjalds þar sem hún helst óbreytt.

Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII, Álagningarstofn úrvinnslugjalds skv. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. a. Í 4. mgr. 7. gr. a laganna er kveðið á um að gjaldskyldur aðili skuli við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. Með lögum nr. 114/2005 voru gerðar breytingar á ákvæðinu þess efnis að ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vöru fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur sem koma fram í viðauka XVIII við lögin. Frá árinu 2006 hafa innflytjendur og framleiðendur því getað stuðst við ákveðnar reiknireglur til ákvörðunar úrvinnslugjalds geti þeir ekki gefið upp þyngd umbúða vöru við tollafgreiðslu. Með lögum nr. 103/2021, sem tóku að fullu gildi 1. janúar 2023 og innleiddu m.a. tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850, (ESB) 2018/851, (ESB) 2018/852 og (ESB) 2019/904, voru fleiri tegundir umbúða felldar undir framlengda framleiðendaábyrgð en verið hafði fram að því og allar tegundir umbúða látnar sæta úrvinnslugjaldi, þ.e. gler-, mál- og viðarumbúðir, auk pappa-, pappírs- og plastumbúða. Af þeim sökum var nauðsynlegt að uppfæra um leið reiknireglur viðauka XVIII og var það gert með 19. gr. laga nr. 127/2022, sem tók gildi 1. mars 2023. Í kjölfar gildistöku viðaukans hefur reynslan af framkvæmd hans dregið fram þörf á að uppfæra reiknireglurnar með því að bæta inn fleiri möguleikum fyrir meginsöluumbúðir tiltekinna tollskrárnúmera og gera viðeigandi lagfæringar. Breytingarnar sem nú eru lagðar til eru unnar í nánú samráði við Úrvinnslusjóð og Skattinn og byggjast á tillögum sjóðsins, og ábendingum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Í a-lið er lagt til að í viðaukanum verði inngangsorð sem útskýra virkni reiknireglunnar, þ.e. útreikning álagningarinnar. Í lögum nr. 114/2005, sem lögfestu viðauka XVIII á sínum tíma, var ekki að finna lýsingu á virkni þáverandi reiknireglna en með hliðsjón af útvíkkun þeirra í kjölfar setningar laga nr. 103/2021 og laga nr. 127/2022 og aukinna krafna um gegnsæi, auk ábendinga fjármála- og efnahagsráðuneytisins, er lagt til að við viðaukann bætist inngangsorð sem skýra hvernig álagning úrvinnslugjalda ákvarðast kjósi innflytjandi að nýta sér viðkomandi heimild í stað þess að gefa upp þyngd umbúða við tollafgreiðslu. Því er lagt til að á undan töflunni í viðaukanum komi texti þess efnis að innflytjandi gjaldskyldrar vöru skuli veita Skattinum upplýsingar um meginsöluumbúðir hennar, þ.e. þær söluumbúðir eða grunnumbúðir, skv. a-lið 11. tölul. 2. gr., sem samkvæmt mati innflytjanda mynda stærstan hluta heildarþyngdar umbúða vöru. Jafnframt komi fram að ákvörðun um þyngd og tegund sölu- og grunnumbúða og flutningsumbúða, skv. c-lið 11. tölul. 2. gr. ráðist af tilgreiningu

innflytjanda á meginsöluumbúðum. Enn fremur að um flokkun til álagningarstofns fari samkvæmt tollskrárnúmerum viðauka I í tollalögum, nr. 88/2005, og meginsöluumbúðum í töflu. Þyngd og tegund söluumbúða og flutningsumbúða ákvarðast sem hlutfall af nettóþyngd vöru í söluumbúðum eftir tegund og hlutfallstölum samkvæmt því sem kemur fram í töflunni. Inngangsorðin voru unnin í samráði við Úrvinnslusjóð. Tilgreining meginsöluumbúða fyrir vöru í tilteknu tollskrárnúmeri hefur þær afleiðingar að varan ber úrvinnslugjald á sölu- eða flutningsumbúðir sem samsvarar nettóþyngd vöru í umbúðum eftir tegund og hlutfallstölum sem kemur fram í töflunni. Sem dæmi má nefna að ef vara verður felld undir tollskrárnúmerið 0506.1000 í viðauka XVIII ber hún úrvinnslugjald á söluumbúðir sem nemur 9,09% af nettóþyngd í söluumbúðum.

Í b-lið eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII sem fela í sér að bætt er við valmöguleikum um meginsöluumbúðir fyrir tiltekin tollskrárnúmer sem þegar er getið í viðaukanum. Taflan er unnin af ráðgjafafyrirtækinu Niras í Danmörku fyrir Úrvinnslusjóð í kjölfar athugasemda innflytjenda og framleiðenda um að valmöguleika um meginsöluumbúðir skorti fyrir ákveðin tollskrárnúmer og á grunni ábendinga Skattsins. Tillagan byggist á greiningu Niras og Úrvinnslusjóðs á tollskránni og mögulegum meginsöluumbúðum ásamt ábendingum fyrirtækja og á grundvelli hennar er lögð til útvíkkun á reiknireglunum sem á að tryggja að þeir innflytjendur og framleiðendur sem kjósa að nýta sér reiknireglurnar geti í öllum tilvikum valið þær meginsöluumbúðir sem eiga sannanlega við. Breytingin er til þess fallin að auka valmöguleika innflytjenda, tryggja betri framkvæmd laganna með því að ná utan um alla umbúðamöguleika og þannig þeim markmiðum um framlengda framleiðendaábyrgð á öllum umbúðum sem að var stefnt með lögum nr. 103/2021. Sem dæmi má nefna að ef vara verður felld undir tollskrárnúmerið 0506.1000 í viðauka XVIII verður til viðbótar við meginsöluumbúðirnar „engar og plast“ bætt við valmöguleikanum „pappi“.

Í c-lið eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII sem fela í sér að hlutfallstölur tegunda sölu- og flutningsumbúða fyrir tilgreind tollskrárnúmer og meginsöluumbúðir taka breytingum. Um er að ræða breytingar á gildum sem byggjast á greiningu ráðgjafafyrirtækisins Niras í Danmörku fyrir Úrvinnslusjóð og fela í sér uppfærslu á raunverulegu hlutfalli umbúða í viðkomandi tollskrárnúmerum úr viðaukanum til að tryggja rétta álagningu úrvinnslugjalds.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða til að bregðast við vandkvæðum við álagningu úrvinnslugjalds á vörur í þeim tilvikum þegar innflytjendur hafa ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir þeirra vara sem þeir flytja inn. Með lögum nr. 128/2004, sem breyttu lögum um úrvinnslugjald, var gjald lagt á umbúðir úr pappa, pappír og plasti og síðan þá hefur álagning úrvinnslugjalds á umbúðir grundvallast á þeirri meginreglu sem birtist í 4. mgr. 7. gr. a laganna að framleiðendur og innflytjendur gefi upp þyngd umbúða við tollafgreiðslu. Í kjölfar gildistöku laga nr. 103/2021, sem kom á framlengdri framleiðendaábyrgð á allar umbúðir, og laga nr. 127/2022, sem lögfesti nýjan viðauka XVIII og þar með nýjar reiknireglur til álagningar úrvinnslugjalds á umbúðir, hafa komið upp vandkvæði í þeim tilvikum þegar innflytjendur og tollmiðlarar hafa ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir eins og reiknireglur viðauka XVIII gera ráð fyrir.

Til að bregðast við þeim vanda er lagt til að sett verði inn í löginn tímabundin heimild til að ákvarða úrvinnslugjald út frá líklegustu tegund söluumbúða þegar innflytjandi getur hvorki gefið upp þyngd og tegund umbúða né skilgreint meginsöluumbúðir. Annars er hætta á að innflytjendur og tollmiðlarar, sem hafa ekki fullnægjandi upplýsingar um tegund umbúða um vörur sem þeir flytja inn, muni í einhverjum tilvikum gefa upp rangar upplýsingar um umbúðir

og dragi úr líkum á að álagning úrvinnslugjaldsins sé rétt og endurspegli raunverulegan innflutning á umbúðum. Núverandi ástand hefur og mun halda áfram að valda vandkvæðum við tollafgreiðslu vara í einhverjum tilvikum. Úrvinnslusjóður hefur með aðstoð danska ráðgjafafyrirtækisins Niras greint tollskrána og skilgreint líklegustu umbúðategund fyrir hvert tollskrárnúmer. Á þeim grunni er gerð tillaga að ákvæði til bráðabirgða fram til 1. janúar 2026 þess efnis að hafi innflytjandi ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir gjaldskyldrar vöru við innflutning sé viðkomandi heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsl. inngangsmálgreinar viðauka XVIII í lögunum, að flokka vöru til álagningarstofns, skv. 3. og 4. málsl. inngangsmálgreinarinnar, miðað við líklegustu tegund söluumbúða í viðkomandi tollskrárnúmeri samkvæmt þeirri tilgreiningu meginsöluumbúða vara sem falla undir tollskrárnúmer eða vöruliði í tilteknum köflum í tollskrá í viðauka I í tollalögum, nr. 88/2005, sem tilgreind eru í ákvæðinu. Ef tollskrárnúmer er ekki tilgreint í bráðabirgðaákvæðinu er líklegast að engar meginsöluumbúðir séu. Miðað er við að ákvæðið gildi til 1. janúar 2026 og með því gæfist innflytjendum tími til að aðlaga sig að fullu að kröfum í nýju umbúðamódeli viðauka XVIII við lögin.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að lögin taki gildi 1. september 2024 til að gefa Skattinum, innflytjendum og hugbúnaðarhúsum svigrúm til að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu vegna gildistökkunnar.